

Breytingar á áfengisneyslu Íslendinga

Inngangur

Áfengisneyslunetur Íslendinga hafa lengi ein-kennst af því sem nefna mætti norðlæga síði í um-gengni við áfengi. Þá er átt við að menn kjósa eink-um drykki með mikið áfengisinnhald, sterkt áfengi, og drekka mikið í einu í þeim tilgangi að verða ölvaðir. Íslendingar drekka sjaldan og helst við ákveðin skilgreind tækifæri og snerta ekki áfengi þess á milli. Þeir drekka einkum um helgar og dagdrykkja eða neysla á vinnutíma er ákaflega sjaldgæf. Því er þetta nefnt norðlægir síðir, að svip-að drykkjumynstur má helst sjá hjá norðlægum þjóðum, t.d. á Norðurlöndunum og í heimskauta-héruðum Norður-Ameríku og hjá Austur-Evrópu-þjóðum eins og Rússum og Pólverjum. Ölvun er markmið drykkjunnar. Í Suður-Evrópu og víðar er áfengi meðhöndlað á allt annan hátt. Það er þáttur í daglegri fæðuneyslu fólks, mun meira drukkið með mat eða sem síðdegishressing eins og Íslend-ingar drekka kaffi.

Á síðustu áratugum hafa orðið hægfare breyt-ingar á þessum hefðbundnu neyslunetur Íslend-inga. Með auknum ferðalögum og kynnum af öðr-um þjóðum hafa Íslendingar samið sig að öðrum síðum, sem nefna mætti alþjóðlega, og töluverður hluti fólks er farinn að meðhöndla áfengi á hóf-samari en um leið frjálslægri hátt en áður (Hildigunnur Ólafsdóttir o.fl., 1997). Margir eru farnir að drekka létt vín með mat, síður sem ekki þekktist áður nema við sérstakar athafnir eða á stórhátíðum. Í samræmi við kröfur almennings um meira frelsi í áfengismálum hefur hömlum smátt og smátt verið létt af aðgengi að áfengi, útsölustöð-um og vínveitingastöðum hefur fjölgað mjög ört, og nú síðast var létt af banni á sölu og neyslu áfengs öls sem hafði verið í gildi í meira en sjö áratugi. Þar með voru Íslendingar komnir með sömu neysluskilyrði og höfðu gilt í hinum vest-ræna heimi um árabíl.

Gamlir síðir hverfa seint, og það á ekki hvað

síst við um allt sem tengist áfengi, sem löngum hefur verið mikið tilfinningamál meðal Íslendinga. Það var ekki sjálfgefið að Íslendingar mundu breyta drykkjuháttum sínum til samræmis við aðr-ar þjóðir um leið og öll ytri skilyrði voru fyrir hendi til þess. Rótgróin afstaða þjóðarinnar til áfengis hefur mótast í gegnum margar aldir, og eru sumir þeirrar skoðunar að trúarlegt uppeldi eigi mikinn þátt í henni. Margir erlendir fræðimenn hafa bent á hin sterku áhrif strangtrúarstefnu mót-mælenda á afstöðu fólks til áfengis (Heath, 1995). Með siðaskiptunum varð þetta sjónarmið áberandi hér á landi, þar sem litið var á áfengi sem upp-sprettu hins illa og áfengisneyslu sem syndsam-lega. Þetta hefur birst bæði í lagasetningum, sem hafa miðað að því að takmarka aðgengi og neyslu áfengis sem mest, en ekki síður hefur það grópast í siðgæðisvitund fólks, sem lítur á áfengi sem freist-ingu sem beri að forðast og öll víxlspor leiða til sektarkenndar. Því er þess að vænta að það taki eina til tvær kynslóðir að breyta neyslunetur al-mennings verulega, þótt skilyrðin hafi skapast til þess.

Það er ætlunin í þessu greinarkorni að skoða hvort orðið hafi breytingar, og þá hverjar, á neyslu og neyslunetur Íslendinga á síðastliðnum aldar-fjórðungi eða svo, en á því tímabili hafa bæði orð-ið þjóðfélagsbreytingar og mikil rýmkun á öllu að-gengi að áfengi, eins og lýst var hér að ofan.

Upplýsingar um neyslu fólks á þessu tímabili, og hvaða breytingar hafa orðið á vali fólks á áfeng-istegundum má fá úr söluskýrslum Áfengis- og tó-baksverslunar ríkisins. Að vísu kemur þar ekki fram öll áfengisneysla Íslendinga, þar eð löglegur innflutningur ferðamanna á áfengi, smyglað áfengi og heimabruggað kemur þar ekki fram, en hið sama á við um opinberar skýrslur um áfengis-neyslu annarra þjóða einnig. Reynt hefur verið að meta hlut þessarar áfengisneyslu hér á landi (Ása Guðmundsdóttir, 1990). Söluskýrslurnar taka hins

vegar til meginmagns áfengisneyslnnar og gefa hugmynd um hvernig neyslan breytist í grófum dráttum.


Upplýsingar um áfengisneysluvenjur og áföngu fólks til áfengis má að öðru leyti fá úr spurningakönnunum, sem gerðar hafa verið með reglulegu millibili hér á landi síðan 1972 á rannsóknarstofu geðdeildar Landspítalans. Samtals hafa sjö slíkar kannanir verið gerðar á fullorðnum á árabilinu 1972–1992, en auk þess hafa verið gerðar kannanir á unglíngum sérstaklega. Í þessum könnunum er reynt að fá fram svör um fjölmörg atriði varðandi áfengishegðun fólks. Spurt er m.a. hvort það drekkur og þá hve mikið, hve oft, hvar, hvaða tegundir og undir hvaða kringumstæðum. Spurt er um einkenni sem gætu bent til misnotkunar og spurt er um viðhorf fólks til áfengis. Samanburður er gerður á niðurstöðunum eftir ýmsum lýðfræðilegum þáttum, eins og kyni, aldri, búsetu og menntun. Um niðurstöður allra þessara kannana hefur verið skrifaður fjöldi greina og fyrirlestra (sjá t.d. Ása Guðmundsdóttir, 1993; Gylfi Ásmundsson, 1981, 1990; Gylfi Ásmundsson & Tómas Helgason, 1994; Gylfi Ásmundsson o.fl. 1979; Hildigunnur Ólafsdóttir, 1994; Hildigunnur Ólafsdóttir o.fl., 1997; Tómas Helgason, 1977, 1978, 1982, 1988a, 1988b; Tómas Helgason o.fl., 1994a, 1994b).

Í þessari grein er stuðst við söluskýrslur Áfengis- og tóbaksverslnar ríkisins frá upphafi til 1995 og bornar eru saman tvær neysluvenjukannanir, hin fyrsta, sem gerð var á árunum 1972–74 og hin síðasta sem gerð var árið 1992, þremur árum eftir að sala á áfengum bjór var leyfð. Hér verður þó aðeins greint frá nokkrum atriðum úr þeim til þess að sýna þá meginstrauma í breytingaátt á þessu 20 ára tímabili, sem þær gefa til kynna.

Áfengissalan

Eftir að banni á sterku áfengi var aflétt árið 1934 var hlutur þess í neyslu landsmanna samkvæmt söluskýrslum 90–95% miðað við hreinan vínanda fram yfir 1960 og um 90% fram til 1970. Í mynd 1 má sjá þróunina frá 1966, en þá var hlutur sterks áfengis 89,7%. Það er ekki fyrr en eftir 1970 að þetta hlutfall fór hægt minnkandi, en léttvínssala


Mynd 1.
Áfengissala á mann, 15 ára og eldri, skipt eftir tegundum, 1966–1995



jókst. Bæði var að utanferðir Íslendinga fóru þá vaxandi og urðu almennari, þannig að Íslendingar kynntust neysluvenjum annarra þjóða, en einnig og ekki síður vegna þess að verð á léttum vínnum varð á þessum árum hagstæðara en áður var. Hlutur sterks áfengis á þessum árum fór niður í tæp 65%. Þegar þessari verðstefnu á léttum vínnum var aftur breytt um 1983 minnkaði léttvínssale, en sala á sterku áfengi jókst að sama skapi, og árið 1988, síðasta árið fyrir bjór, var hlutur þess 77%. Með tilkomu bjórsins 1989 verður síðan stór breyting. Fyrsta ár bjórsins hefur vissa sérstöðu með miklu stökki í áfengissölu, hlutfall sterks áfengis í sölnni lækkaði niður í 51,5%, en hlutur bjórsins var um 35%. Sala á áfengi fór minnkandi næstu þrjú ár á eftir, og á það bæði við um sterkt áfengi og bjór, en létt vín héldu sínum litla hlut. Þennan samdrátt í sölu má að líkindum rekja til lakara efnahagsástands í landinu, eins og fæð hafa verið rök fyrir (Hildigunnur Ólafsdóttir, 1993). Síðustu 3 árin, 1993–95, hefur áfengisneyslan þokast upp á við, en eingöngu vegna aukningar í bjórsölu. Árið 1993 er tímamótaár að því leyti að það er fyrsta árið sem sala á sterku áfengi er innan við helmingur af áfengissölnni miðað við hreinan vínanda. Árið 1995 varð síðan sala á bjór meiri en sterks áfengis, 42,4% á móti 40,5%, en léttvínssalan var 17% og hafði lítið breyst á undanförunum árum. Þegar bornar eru saman sölutölur fyrir árin 1972 og 1992, sem sam-
burðarathugunin hér að neðan nær til, og miðað við áfengissölnuna á mann 15 ára og eldri, kemur í ljós að heildarneyslan jókst um 16,5%, úr 4,06 lítrum af hreinum vínanda 1972 í 4,73 lítra 1992.

Neysla sterks áfengis minnkaði um 30,8%, úr 3,60 lítrum á mann í 2,49 lítra, og neysla létttra vína jókst um 71,7%, úr 0,46 lítrum á mann í 0,79 lítra. Bjórinn er hins vegar ný tegund og er neysla hans 1,45 lítrar af hreinum vínanda á mann.

Mynd 2.
Hlutfallsleg skipting tegunda í áfengissölu 1972 og 1992.



Í mynd 2 er sýnt hver hlutfallsleg skipting tegunda er hvort ár um sig. Hluttur sterks áfengis hefur minnkað úr 89% í 53%, hluttur létttra vína hefur aukist úr 11% í 17% og bjórinn er 31% af heildarsölu árið 1992.

Neyslukannanir

Fyrri áfengisneyslukönnunin sem hér er notuð til að meta breytingar á neysluvenjum var gerð á árunum 1972 og 1974. Fyrri árið voru sendir spurningalistar til Reykvíkinga, en síðara árið til fólks utan Reykjavíkur. Samtals var slembiúrtaki 3016 einstaklinga á aldrinum 20–49 ára sendir spurningalistar, 2417 svöruðu eða 80,1% úrtaksins. Þar af voru karlar 1175, en konur 1242. Áfengisneytendur voru skilgreindir þeir sem einhvern tíma höfðu neytt áfengis. Það voru 1063 karlar og 914 konur, samtals 1977 manns og eru upplýsingar um áfengisneysluvenjur byggðar á þessum hópi.

Seinni könnunin sem hér er fjallað um var gerð 1992 á slembiúrtaki af öllu landinu. Þetta var


þriðja könnunin sem gerð var sérstaklega til að kanna áhrif af lögleiðingu bjórsins árið 1989, en var að miklu leyti hliðstæð við eldri áfengiskannanir sem gerðar voru 1972/74, 1979 og 1984. Þó voru nokkrar breytingar á spurningum sem þarf að taka tillit til við samanburð kannananna tveggja og koma sums staðar í veg fyrir beinan samanburð. Valdir voru 1000 manns af báðum kynjum á aldrinum 20–69 ára, þar af voru 10 látnir eða bjuggu erlendis, þannig að 990 spurningalistar voru sendir út og fengust 740 nothæf svör, eða 74,7% svarhlutfall, þar af voru 371 karl og 369 konur. Til þess að fá réttan aldurssamanburð við könnunina 1972/74 er hér aðeins notast við svör fólks á aldrinum 20–49 ára. Reyndust það vera 280 karlar og 280 konur, samtals 560 manns. Áfengisneytendur í þessari könnun eru taldir þeir sem hafa neytt áfengis á síðast liðnum 12 mánuðum. Gera má ráð fyrir að áfengisneytendur í þessari könnun séu hlutfallslega eitthvað færri en í könnuninni 1972/74, þar sem miðað var við neyslu áfengis einhvern tíma á ævinni. Í aldrishópnum 20–49 ára voru áfengisneytendur 254 karlar og 254 konur, samtals 508.

Áður hafa verið gerðar tvær samanburðarrannsóknir af þessu tagi. Hin fyrri var samanburður á könnunum 1972/74 og 1979 (Gylfi Ásmundsson, 1981). Í könnuninni 1979 var um sama hóp að ræða og hafði svarað könnuninni 1972/74. Þeir sem svöruðu báðum könnunum voru bornir saman. Síðari rannsóknin (Tómas Helgason, 1988) var samanburður á könnuninni 1972/74 við könnunina 1984, en þá voru allir sem svöruðu könnuninni 1972/74 notaðir við samanburðinn. Tölur úr könnuninni 1972/74 eru því ekki alveg þær sömu í þessum tveimur rannsóknum, en í þeirri rannsókn sem hér er gerð er byggt á sömu tölum og í rannsókn Tómasar Helgasonar.

Samanburður

Hér á eftir er gerður samanburður á eftirfarandi sambærilegum þáttum í báðum könnunum, 1972/74 og 1992: 1) Hlutfall áfengisneytenda, 2) Tíðni áfengisneyslu, 3) Áfengistegundir sem neytt var í síðustu neyslu, 4) Hvar var drukkið oftast (1972/74) eða síðast þegar neytt var áfengis (1992), 5) Hlutfall þeirra sem hafa einstök einkenni um

Mynd 3.
Hlutfall áfengisneytenda 20–49 ára.



*Þeir sem hafa einhvern tíma neytt áfengis. **Þeir sem hafa neytt áfengis á sl. 12 mánuðum

misnotkun áfengis og þeirra sem hafa þrjú eða fleiri af 8 slíkum einkennum sem spurt var um.

Í mynd 3 má sjá að engin breyting hefur orðið á hlutfalli karla sem neyta áfengis á þessu 20 ára tímabili, en það eru rúmlega 9 af hverjum 10. Hins vegar hefur orðið mjög veruleg aukning á áfengisneytendum meðal kvenna, og er hlutfall þeirra nú hið sama og karla, en var áður innan við 3 af hverjum 4 konum.

Tafla 1.
Tíðni áfengisneyslu.

	Karlar, %		Konur, %		Samtals, %	
	1972/74	1992	1972/74	1992	1972/74	1992
Daglega/nokkrum sinnum í viku	3,8	7,9	1,1	1,2	2,6	4,5
Vikul./nokkrum sinnum í mánuði	39,1	43,3	19,5	27,9	30,1	35,6
Mánaðarlega eða sjaldnar	57,1	48,9	79,4	70,9	67,3	59,8
Samtals	100,0	100,1	100,0	100,0	100,0	99,9
Fjöldi svara	1044	254	883	254	1927	508

Karlar: $X^2=10,656$, $df=2$, $p<0,01$

Konur: $X^2=8,480$, $df=2$, $p<0,02$

Samtals: $X^2=12,352$, $df=2$, $p<0,01$

Í töflu 1 kemur fram venjuleg tíðni áfengisneyslu að mati svarenda, skipt eftir kynjum. Spurningarnar eru eins í báðum könnunum og aðeins áfengisneytendur eru spurðir. Í þeim kemur fram að tíðni hefur aukist marktækt hjá báðum

kynjum. Drykkja oft í viku hefur aukist um nær helming og er aukningin einkum hjá körlum. Einnig er aukning á þeim sem drekka nokkrum sinnum í mánuði og fækkun hjá þeim sem drekka mánaðarlega eða sjaldnar, þótt þeir séu enn töluvert yfir helmingur áfengisneytenda á þessum aldri.

Tafla 2.
Áfengisneysla eftir tegundum við síðustu drykkju.

	Karlar, %		Konur, %		Samtals, %	
	1972/74	1992	1972/74	1992	1972/74	1992
Bjór og/eða létt vín	12,8	36,9	30,5	44,0	21,0	40,4
Bjór/létt vín og sterkt áfengi	6,1	30,5	4,1	22,9	5,2	26,8
Sterkt áfengi	81,1	32,6	65,4	33,0	73,8	32,8
Samtals	100,0	100,0	100,0	99,9	100,0	100,0
Fjöldi svara	1059	236	902	227	1961	463

Karlar: $X^2=235,619$, $df=2$, $p<0,001$

Konur: $X^2=123,671$, $df=2$, $p<0,001$

Samtals: $X^2=339,858$, $df=2$, $p<0,001$

Í töflu 2 kemur fram hvaða tegunda var neytt, skipt eftir kynjum. Hliðstæð og mjög marktæk breyting hefur orðið hjá bæði körlum og konum á þann veg að neysla sterkra drykkja hefur minnkað og er nú töluvert innan við helmingur þess sem hún áður var. Helmings aukning hefur orðið á neyslu léttu tegundanna, bjórs og víns, og má ætla af sölutölum að þar sé fyrst og fremst um aukningu á bjórneyslu að ræða. Þessi aukning er meira áberandi hjá körlum en konum. Auk þess er léttum og sterkum tegundum mun meira blandað saman í sömu drykkjusetu en áður var. Konur drekka enn hlutfallslega meira léttar tegundir en karlar en munurinn hefur minnkað verulega.

Tafla 3.
Hvar drukkið oftast (1972/74 / síðast (1992))*

	Karlar, %		Konur, %		Samtals, %	
	1972/74	1992	1972/74	1992	1972/74	1992
Í veitingahúsum	47,0	32,5	57,0	42,7	51,6	37,6
Í heimahúsum	45,2	55,5	40,2	54,0	42,9	54,8
Annars staðar	7,8	13,2	2,8	5,7	5,5	9,4
Samtals	100,0	101,2	100,0	102,4	100,0	101,8
Fjöldi svara	1027	252	886	246	1913	498

* Nokkrir svöruðu fleirum en einum lið, þannig að samtala verður hærri en 100%

Í töflu 3 kemur fram hvar var drukkið, skipt eftir kynjum. Niðurstöðurnar byggja þó ekki á alveg sambærilegum spurningum. Í könnuninni 1972/74 var spurt hvar menn neyttu oftast áfengis, en í könnuninni 1992 er spurt hvar þeir neyttu áfengis í síðustu drykkju. Því verður að gæta varúðar við túlkun þessara talna og eru því ekki gerðir marktækni reikningar á þeim breytingum sem þessi samanburður sýnir. Þó má gera ráð fyrir að þær endurspegli í grófum dráttum þróunina á þessu tímabili. Í stuttu máli virðist neysla á veitingahúsum hafa minnkað, en neysla í heimahúsum aukist. Ekki er umtalsverður munur á kynjunum að þessu leyti. Í seinni könnuninni voru fleiri svarmöguleikar um aðra neyslustaði en var í hinni fyrri, og er nokkur hækkun á þessum lið. Af öðrum stöðum er helst að fólk neyti áfengis í sumar-bústöðum (3,8%), sem mætti etv. skilgreina sem heimahús, og 3,2% karla drekka á víðavangi (veiðiferðir, hestaferðir?). Engin aukning hefur orðið á drykkju á vinnustað, sem enn er svo til óþekkt (0,4%).

Tafla 4.
Hlutfall þeirra áfengisneytenda sem hafa einkenni um áfengismisnotkun.

	1972/74	1992
Drekkur meira en jafningjar	2,3	4,0
Áfengisvandamál að eigin mati	6,8	5,5
Áfengisvandamál að dómi fjölskyldu	7,4	5,5
Áfengisvandamál að dómi vinnuveitanda	1,8	0,7
Á erfitt með að hætta drykkju	12,9	15,3
Minnisleysi	15,1	12,0
Afréttari eða drekkur áfram	7,2	3,4
Ölvun í marga daga í röð	2,2	1,5
3 eða fleiri einkenni	7,3	5,5
Fjöldi svara	1977	508

$\chi^2=1,97$, $df=1$, e.m.

Í töflu 4 kemur loks fram hverjar breytingar hafa orðið á hlutfalli þeirra sem hafa einkenni um misnotkun áfengis. Hér er byggt á 8 spurningum: 1) hvort svarandi neyti meira áfengis en jafningjar hans hvað snertir aldur, atvinnu og hjúskaparstétt, 2) hvort áfengisneysla sé honum vandamál, 3) hvort áfengisneysla hans sé vandamál að mati fjölskyldunnar, 4) hvort áfengisneysla hans sé vandamál að mati vinnuveitanda, 5) hvort hann eigi

erfitt með að hætta drykkju, ef áfengisáhrifin fara yfir visst mark, 6) hvort hann gleymi eftir drykkju án þess að verða ofurölvi, 7) hvort hann fái sér afreittara eða drekki áfram daginn eftir, og 8) hvort hann hafi oft verið ölvaður í marga daga í röð. Við fyrri rannsóknir voru þeir sem hafa 3 eða fleiri af þessum einkennum um misnotkun taldir eiga við áfengisvanda að stríða (Tómas Helgason & Gylfi Ásmundsson, 1980). Niðurstöðurnar benda til þess að misnotkun kunni að vera eitthvað minni en áður, en munurinn er ekki marktækur. Fjölgun hefur orðið á þeim sem drekka meira en jafningjar og þeim sem eiga erfitt með að hætta drykkju, en fækkað hvað öll önnur einkenni um misnotkun snertir.

Niðurstöður þessa samanburðar á könnunum á áfengisneysluvenjum Íslendinga með 20 ára millibili eru þessar helstar:

- 1) Nokkur aukning varð á heildarneyslu áfengis miðað við sölutölur.
- 2) Áfengisneytendum hefur fjölgað meðal kvenna, en ekki karla.
- 3) Fólk drekkur oftar en áður.
- 4) Mun minna er drukkið af sterku áfengi en 20 árum áður, en bjórneysla kemur í staðinn fyrir þá minnkun og léttvinsneysla hefur aukist nokkuð, þótt hún sé enn lítil.
- 5) Fólk drekkur fremur í heimahúsum en áður og síður á veitingastöðum.
- 6) Færri hafa einkenni um misnotkun áfengis en 20 árum fyrr, en ekki er þó um marktækan mun að ræða.

Umræða

Talsverðar breytingar hafa orðið á áfengisneysluvenjum Íslendinga á því 20 ára tímabili, 1972–1992, sem þessi rannsókn tekur til. Sterkt áfengi sem áður var um 90% af heildarneyslunni miðað við hreinan vínanda á mann 15 ára og eldri var rétt rúmlega helmingur í lok tímabilsins. Sölutölur síðustu 3 árin sýna að sú þróun heldur áfram og er sala sterks áfengis árið 1995 aðeins um 40% af neyslunni. Stærstu breytingarnar urðu með tilkomu bjórsins árið 1989, sem tók strax til sín um þriðjung af heildarneyslunni. Næstu 3 ár á eftir dró almennt úr áfengissölu og er þess til getið að það hafi stafað fyrst og fremst af lakara efnahags-

ástandi í landinu. Frá 1993 hefur áfengissala farið vaxandi á ný, og má gera ráð fyrir að hún fari enn vaxandi, ef spár um batnandi efnahagsástand ganga eftir. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort hlutur léttari áfengistegunda, einkum bjórs, eigi enn eftir að aukast, eða hvort sterkt áfengi muni sækja í sig veðrið á ný.

Hlutfall áfengisneytenda hefur aukist verulega á þessu tímabili hvað snertir aldurshópinn 20–49 ára, en aukningin hefur öll verið meðal kvenna. Árið 1992 eru hlutfallslega jafnmargir áfengisneytendur meðal karla og kvenna, um 90%, en 20 árum áður voru þeir þrjár af hverjum fjórum konum. Fjölgun áfengisneytenda gæti hafa haft í för með sér aukna heildarneyslu, eins og sölutölur sýna, en ekki reyndist unnt að gera samanburð á því magni áfengis sem fólk neytti að jafnaði hverju sinni annars vegar 1972/74 og hins vegar 1992, þar eð spurningarnar voru ekki sambærilegar. Í könnuninni 1972/74 var einfaldlega spurt hve marga sjússa (skv. nánari skilgreiningu) menn drukku að jafnaði í hvert skipti. Í könnuninni 1992 var hins vegar spurt um hve mikið af hverri tegund, en ekki tekið tillit til þess að menn gátu drukkið fleiri tegundir í hvert skipti.

Ekki aðeins hefur neytendum fjölgað heldur dreifist drykkjan nú á fleiri skipti. Um 40% neytenda drekka árið 1992 oftari en mánaðarlega á móti 30% tuttugu árum fyrr. Helmingi fleiri karlar drekka nokkrum sinnum í viku 1992 heldur en 1972/74. Líklegt er að bæði fjölgun neytenda og aukin drykkjutíðni vegi upp á móti þeirri aukningu í heildarneyslu sem orðið hefur hvað snertir magn við hverja drykkju. Ekkert verður þó um það fullyrt, en fróðlegt hefði verið að skoða hvort ölvunartíðni hefur minnkað eða aukist.

Neyslukönnunum ber vel saman við áfengissöluna hvað varðar þær tegundir sem menn drekka. Helmingi fleiri drekka létt áfengi, bjór eða létt vín, og 33% drekka sterkt áfengi eingöngu á móti 74% áður. Blönduð drykkja virðist hafa aukist mikið, þar sem fólk drekkur létt og sterkt í sama skipti. Í þeim tilvikum má geta sér til að um sé annars vegar að ræða létt vín eða bjór með mat, en sterkt á eftir eða undan, eða hins vegar bjór og snafs eins og algengt er á hinum Norðurlöndunum. Um þetta verður þó ekki ráðið af könnuninum.

Þá er athyglisvert að samkvæmt neyslukönn-

uninum virðist fleira fólk drekka í heimahúsum en áður á kostnað drykkju í veitingahúsum. Hér verður að hafa þann fyrirvara á að spurningarnar eru ekki fyllilega sambærilegar, annars vegar hvar menn drekka oftast og hins vegar hvar menn drukku síðast. Á þessu tímabili hefur vínveitingastöðum fjölgað óhemju mikið. Árið 1970 voru 21 veitingahús með vínveitingaleyfi á landinu öllu. Þeim fjölgaði í 186 árið 1990 og 351 árið 1995. Hlutur veitingahúsa í áfengissölnunni hefur vaxið úr 12% árið 1972 í 19% árið 1992, en aukningin er ekki meiri en svo að mun minna er til skiptanna fyrir hvert vínveitingahús en áður var. Engu að síður var hlutfallslega meira selt af áfengi á veitingahúsum 1992 en 1972 og erfitt að skýra hvers vegna neyslukannanirnar benda til þess að drukkið sé oftari í heimahúsum en áður var. Til þess þyrfti að skoða hvernig bæði magn og tíðni neyslunnar skiptast á hvorn stað, en það hefur ekki verið gert hér.

Misnotendum áfengis hefur fækkað nokkuð á tímabilinu samkvæmt þeim mælikvarða sem hefur verið notaður í áfengisrannsóknnum hér á landi, en munurinn er of lítill til að á honum sé að byggja. Færri telja sig hafa við áfengisvandamál að stríða, færri fá sér afréttara eða drekka í marga daga í röð og færri segjast gleyma eftir mikla drykkju. Þetta bendir til þess að færri drekki illa. Hins vegar segjast fleiri drekka meira en jafningjar og fleiri eiga erfitt með að hætta drykkju en áður. Þetta gæti bent til þess að breytt neysluskilyrði og neysluvenjur komi fram í meiri vandmálum hjá sumum en minni hjá öðrum. Þessar niðurstöður gefa ekki tilefni til að ætla, að breyttar neysluvenjur hafi að svo komnu haft áhrif á áfengisvandamálin í heild, hvorki til hins betra eða verra.

Þessi samanburðarrannsókn tekur aðeins til fárra þátta í neyslumynstri áfengisneytenda. Margar spurningar vakna sem vert væri að fá svör við. Skammt er síðan róttækar breytingar urðu á áfengisstefnu Íslendinga með lögleiðingu bjórsins og rýmkuðu aðgengi að áfengi. Enn er of snemmt að fullyrða um hvaða áhrif þessar breytingar hafa til lengri tíma á neysluvenjur Íslendinga eða hvort þær muni hafa í för með sér minni eða meiri vandamál. Þess vegna er mikilvægt að gera frekari kannanir á áfengisneysluvenjum Íslendinga með hæfilegu millibili.

Heimildir:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. *Söluskýrslur*.

Ása Guðmundsdóttir (1990): *Icke-registarerad alkoholkonsumtion på Island*. Alkoholpolitik, 7(3), 155–164.

Ása Guðmundsdóttir (1993): *Hvernig drekka Íslendingar? Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (Ritsj.), Sálfraeðibókin* (bls. 655–660). Reykjavík: Mál og Menning.

Gylfi Ásmundsson (1981): *Forandringar af alkoholvaner i löbet af en fem-års periode*. NAD Nyhetsbrev nr. 3, 13–15.

Gylfi Ásmundsson (1990): *Changes in the alcohol consumption of Icelandic males by occupational groups after the legalization of beer*. NAD-alkoholforskarmöte: Alcohol Policy and Social Change, Hótel Ör, Hveragerði, 3.–7. sept. 1990.

Gylfi Ásmundsson og Tómas Helgason (1994): *Changes in the drinking practices of alcohol abusers and non-abusers with less restrictive access to alcoholic beverages*. 20th Annual Alcohol Epidemiology Symposium. The Kettill Bruun Society for Social and Epidemiological Research. Rüsclhikon, Sviss, 3.–10. júní 1994.

Gylfi Ásmundsson, Tómas Helgason og Jóhannes Bergsveinsson (1979): *Alkoholvaner i Island*. Nordisk psykiatrisk tidskrift; 33; 4; 225–34.

Heath, D. (ed.) (1995): *International Handbook on Alcohol and Drinking*. Greenwood Press, Westport, CT.

Hildigunnur Ólafsdóttir (1993): *Alcohol Policy Within a Fiscal Frame: The Case of the State Monopoly in Iceland*. Contemporary Drug Problems/Summer. Volume 20, 2, 247–262.

Hildigunnur Ólafsdóttir (1994): *Dynamics of Shifts in Alcoholic Beverages Preference: Availability and Social Profile*. 20th Annual Alcohol Epidemiology Symposium. The Kettill Bruun Society for Social and Epidemiological Research. Rüsclhikon, Sviss, 3.–10. júní 1994.

Hildigunnur Ólafsdóttir, Ása Guðmundsdóttir og Gylfi Ásmundsson (1997): *The Europeanization of Drinking Habits in Iceland after the Legalization of Beer*. Eur. Addict. Res.; 3; 59–66.

Tómas Helgason (1977): *Rannsóknir á áfengisneysluvenjum Íslendinga*. Geðvernd; 12; 4–12.

Tómas Helgason (1978): *Alkoholvaner i Island*. Beskrivelse og sammenligning med det øvrige Norden. Alkohol och narkotika; 72; 17–27.

Tómas Helgason (1982): *Rannsóknir á áfengisneyslu*. Geðvernd; 17; 57–62.

Tómas Helgason (1988a): *Breytingar á neyslu áfengis og annarra fíkniefna á Íslandi*. Læknablaðið; 74; 121–127.

Tómas Helgason (1988b): *Áfengisneysluvenjur og einkenni um misnotkun 1974 og 1984*. Læknablaðið; 74; 129–136.

Tómas Helgason og Gylfi Ásmundsson (1980): *Prevalence of mental disorders. A 5-year follow-up study with questionnaires*. Acta Psychiatr. Scand.; Suppl. 285; 62; 60–67.

Tómas Helgason, Hildigunnur Ólafsdóttir og Gylfi Ásmundsson (1994a): *Effects of introduction of a new alcoholic beverage on alcohol use in the community*. Úrdráttur í Eur. Psychiatry; 9 (suppl. 1); 44.

Tómas Helgason, Hildigunnur Ólafsdóttir, Gylfi Ásmundsson og Haraldur Þorsteinsson (1994b): *Skammtímaáhrif bjórsins á áfengisnotkun og misnotkun*. VII. ráðstefna um rannsóknir í læknadeild Háskóla Íslands, 5.–7. janúar 1995. Úrdráttur í Læknablaðinu, 80: Fylgirit 27; 45.a

Gylfi Ásmundsson er forstöðusálfræðingur á geðdeild Landspítalans